9. Krían kemur í tjarnarhólmann.

2 renningar

Sennilega hefir það verið „sem kornið áttum" kónunnar sjálfrar, að hún
nam land sitt, Tjarnarhólmann, að þessu sinni í lokadaginn, 11. þ. m.
Landnámi sínu hagaði hún á líka lund sem löngum áður, að senda
landkönnuði sína, og að þessu sinni sjö að tölu, út í hólminn til þess, að
kanna til að renna um hvort land hennar, Tjarnarhólminn, þótt lítill
sé, að sínu leyti 400 fermetrar að flatarmáli, væri eigi herrunninn af
öðrum, eða hvort þar væri allt í lagi, sem og hún skildi við það skömmu
eftir höfuðdaginn síðastl. haust. Meðan þessu fór fram hafði aðalherlið
hennar bólstað sinn í háloftunum uppi yfir höfuðborginni, beið þar fregna
af „ástandinu" þar og hóf eigi ferð sína í Hólmann fyrr en tveim
nóttum síðar eða þrem, en þó stefndi hún öllu liði sínu þangað.
Var því engin mótstaða veitt frekar nú en undanfarið, því þar var engu
varnarliði að mæta, hvorki að einu þéttum friðsamlegum borgurum og
vinsamlegum, en það var önd ein, er lá þar á eggjum sínum, gætin
og sem beðið hafði með óþreyju eftir „vernd" hennar og úrvalaliðs gegn
sameiginlegum óvini sínum og annara sundfugla, Svartbaknum, er
fáum dögum áður hafði gjört þar strandhögg mikið, stolið þar og rænt
þrem eggjum kynsystur hennar og étið þau, en skilið eftir skjallhvítt
og skurnina tóma í hreiðrinu. Hér var því „varnarinnar" þörf og honum
beðið heim höndum, enda er sambúð hins friðsama þjóðarbrots, er
þarna var að mæta hin ágætasta milli setuliðsins og þess sem og
þarna var að mæta, hin ágætasta milli setuliðsins og þess sem og
áratt áður og á að vera þegar um verndara að ræða. —
Setuliði þessu og samverjendum vernd hafa borgarbúar þessir
fagnað vel undanfarin ár og síðkum börn þeirra og talið sér og
þeim gleðiefni, að eiga land þetta fyrir vinalið það er þarna sezt
að á ári hverju. Þessvegna hafa margir þeirra — hinir eldri — varið
búin sín á að flytja liði þessu fulla mati sína og ungu og eldmulda
brauði nokkrum dagsins og hefur það að sér. Þeir hafa séð að þetta hefir
haft betri og hollari uppeldisáhrif á börnin en margt annað er þau hafa
haft fyrir stafni. Með þessu hafa þeir varið börnin á, að andagna löppunum
samúð og góðan skilning í stað þess, sem áður var títt þeirra, að hrekkja
Svan og kríkja. Nú leggja þessir litlu smælingjar sín litla skerf af
mönnum við sér um meiri og mannúðarlausari smælingja með brauð-
mönnum nokkrum úr lófa sínum í þeirri skyni að bæta kjör þeirra, kynn-
ast háttum þeirra og siðum, sem oft geta verið þeim lærdómsrík, frekar
til mannbóta en mannskemmda, enda er það markmiðið, sem stefna

ber að og styðja - bætur en gjört hefir verið til þessa.

Þó ber og að fagna því, að núverandi borgarstjóri, hr. Bjarni Benedikts-son, svo og garðyrkjuráðunautur bæjarins, hr. Mattías Ásgeirsson hafa báðir og hver um sig sýnt lofsverðan skilning á máli þessu nú og einnig áður og látið sig það skipta að Tjarnarhólminn sé prýði bæjarins, varinn og vandaður fyrir ásóknum spellvirkjanna þeirra, er enga eiga unna skemmdafýsnum sínum og sífelldri áreitni, m.a. með því að angra fuglana með grjótkasti - fleygja steinum til þeirra og ganga þó, m.ö.o.: gefa þeim skeinu fyrir brand - eða þá að sigla smábátum sínum um Tjörnina svo að þar strandi á Hólmanum einmitt um það leyti sem varptíminn stendur yfir eða róa bátum sínum og hálfkæfa um Tjörnina án leyfis yfirvalda og að óþörfu. Það er að vísu harla óviðeig að fullorðnir menn hafi sér þetta til ánægju og yndisbóta, hafi jafn-vel börn sín til þess að gera það, en stjórnir löggæslunnar, sem jafn er þó í verði og hafa vakandi auga á þessum framferði, sýna það að.